

Miðvikudaginn 18. nóvember 1942.

Nr. 110/1942. Ungmennaverndarmál A.

Sækjandi: Egill Sigurgeirsson.

Verjandi: Sigurður Ólason.

Vistun ungmennis samkvæmt lögum nr. 62/1942.

### Dómur hæstaréttar.

Eftir því sem upp hefur komið um hegðun stúlku þessarar, þykir ekki ástæða til þess að ráðstafa henni á hæli að sinni, en hins vegar virðist rétt að ákveða, að henni skuli komið fyrir á þeim dvalarstöðum öðrum, heimili eða skóla, sem framkvæmdarvaldið hefur kost á og henta stúlku þessari, sbr. 3. gr. laga nr. 62/1942.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjunarkostnaður máls þessa greiðist úr rikissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, kr. 300.00 til hvors.

Það athugast, að rétt hefði verið að leiða stúlku þá, er í máli þessu getur, fyrir ungmennadóm, svo fljótt sem kostur var, eftir að hún var tekin í gæzlu, og hefði ungmennadómur þá átt að kveða, áður en sólarhringur var liðinn, upp úrskurð um, hvort henni skyldi haldið áfram í gæzlu, sbr. lögjöfnun frá 60. gr. stjórnarskrárinnar. Svo er og athugavert, að hvorki hefur verið aflað fæðingarvottorðs né hegningarvottorðs stúlkunnar og að ekki er bókað um, að henni hafi verið tilkynnt málshöfðun.

Því dæmist rétt vera:

A skal vistuð samkvæmt 3. gr. laga nr. 62/1942 á heimili eða í skóla.

Áfrýjunarkostnaður máls þessa greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Sigurðar Ólason, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Úrskurður ungmennadóms Reykjavíkur 28. október 1942.**

Ár 1942, miðvikudaginn 28. október, var í ungmennadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómarara af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa sakadómarara, Ármanni Halldórssyni skólastjóra og Ólafi Sveinbjörnssyni lögfræðingi, upp kveðinn úrskurður í máli unglingsstúlkunnar A, sem tekið var undir úrskurð sama dag.

Unglingsstúlkun A er fædd 2. september 1925. Með játningu hennar, sem kemur heim við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að hún hefur um alllangt skeið undanfarið lifað lausungar- og óreiðulífi. Hún hefur ekki skeytt áminningum foreldra sinna um að taka upp reglusamara líf, og afskipti lögreglunnar af máli hennar, sem hafa staðið yfir síðan í s. l. júnimánuði, hafa ekki orðið til þess, að stúlkun bætti ráð sitt. Þykir því nauðsyn til bera að fjarlægja stúlkuna því umhverfi, sem hún hefur verið í, en þar sem vistun á sveitarheimili virðist af reynslu foreldranna af ráðstöfunum þeirra á stúlkunni á sveitarheimili, ekki muni ná tilgangi sínum, þykir rétt samkvæmt 3. gr. laga nr. 62 4. júní 1942 að úrskurða stúlkuna til hælisvistar.

**Þvi úrskurðast:**

A skal sæta hælisvist.

**Föstudaginn 20. nóvember 1942.**

Nr. 54/1942. **Réttvísun** (Magnús Thorlacius)

gegn

**Kristjáni Júlíussyni** (Jón Ásbjörnsson)

Sýknað af ákæru um þjófnað.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Júlíus Havsteen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu.

Ákærði hefur ekki gengizt við því fyrir dómi, að hann hafi tekið spýtu þá, er í málinu getur og líklegt er, að hafi verið nálægð 2 króna virði. Ekki hefur heldur spýta þessi fundizt í vörzlum ákærða, svo að öruggt sé. Hreppsnefndarmenn hafa að vísu skilið ummæli hans á hreppsnefndarfundi svo sem í þeim fælist játning um töku hans á spýt-